

Tillögur að úrbótum fyrir öryggi gangandi vegfaranda við Öldutúnsskóla

Björn Sighvatsson
21. september, 2020

Formáli

Undirritaður er foreldri barna sem stunda nám við Öldutúnsskóla í Hafnarfirði. Umhverfi skólans er almennt gott og börn geta þar leikið sér án nálægðar við umferð. Þegar gengið er til og frá skóla þurfa mörg þeirra barna sem sækja skólann að fara yfir nokkrar götur og í þessari samantekt er bent á hættur sem auðvelt er að minnka og auka þannig öryggi barnanna.

Almennt má segja að öryggi gangandi vegfarenda, sérstaklega barna, sé ábótavant í umhverfi skólans og reyndar víða um sveitarfélagið. Best væri ef heildstætt mat yrði gert á umhverfinu og að það yrði framkvæmt af sérfræðingum á sviði umferðaröryggis.

Í Umferðaröryggisáætlun Hafnarfjarðar fyrir 2018-2022 sem unnin var af Eflu verkfræðistofu, nánar tiltekið í kafla 2.7.7, eru tillögur að aðgerðum til að bæta umferðaröryggi í kringum skólann. Tillögurnar eru hér orðrétt úr skýrslunni:

1. Hvammabraut austan við Suðurhvamm; gróður við upphækkaða gangbraut sem skyggir á gangandi vegarendur. Bæta þarf sýn á gangbrautina með því að grisja og klippa gróður.
2. Hvammabraut við Háahvamm; gróður við gangbraut við Háahvamm skyggir á gangandi vegfarendur. Bæta þarf sýn á gangbrautina með því að grisja og klippa gróður.
3. Gönguleið yfir Melholt; Gönguleið frá Kvíholti liggur meðfram bílaplani. Gróður skyggir á þar sem gönguleiðin kemur að Melholti. Gönguleiðin er í sömu hæð og með sama yfirborðsefni og gatan (Melholt) og því geta börn átt erfitt með að greina hvenær þau eru komin út á götu. Til að bæta umferðaröryggi skólabarna er lagt til að afmarka skil gönguleiðar og götu ásamt því að snyrta gróður

Að mati undirritaðs er þessi samantekt verkfræðistofunnar í besta falli ónákvæm og engan veginn góð samantekt á öryggi gangandi vegfarenda í nágrenni Öldutúnsskóla. Við gagnrýni á skýrslu Eflu er ekki dregið úr mikilvægi þeirra atriða sem þar eru dregin fram heldur snýr gagnrýnin fremur að öllum þeim atriðum sem ekki koma þar fram og hafa á gagnrýniverðan hátt farið fram hjá verkfræðistofunni.

Göturnar í kringum skólann

Meðfram skólalóðinni liggja göturnar Öldutún, Selvogsgata, Öldugata og Víðihvammur. Þar að auki eru Kvíholt og Hvammabraut sem verða ekki teknar með í þessari samantekt.

Myndin hér að neðan sýnir gatnakerfið í kringum skólann og inn á hana eru merktir þeir staðir sem sérstaklega mætti skoða með tilliti til umferðaröryggi. Nánari lýsingar á hverjum stað má svo finna hér að neðan. Þess má geta að ein af athugasemdum Eflu sem kemur að næsta umhverfi skólans er sambærileg athugasemd númer 5 sem útskýrð er hér að neðan.



1 – Hringtorg við Öldugötu

Á gatnamótum Öldugötu, Bárúkkinnar og Selvogsgötu er hringtorg. Þar eru merktar gangbrautir á þremur leggjum en engar merkingar eru yfir Öldugötu að norðanverðu.



Mynd 1 – Horft frá Bárúkkinn. Gangbraut vantar yfir Öldugötu sem sést hægra megin á myndinni

Börn sem koma gangandi frá Kinnum og ætla að aðalinngangi skólans fara því yfir götu án gangbrautarmerkinga. Þarna væri auðvelt að merkja gangbraut.



Mynd 2 - Horft frá hringtorgi inn Öldugötu. Þarna vantar gangbraut

2 – Gatnamót Öldutúns og Selvogsgötu

Myndin hér að neðan sýnir gatnamót Öldutúns og Selvogsgötu. Gangbraut er yfir Selvogsgötuna vestan megin við gatnamótin. Hins vegar vantar gangbraut yfir Öldutún. Eins og staða gangstétta er í hverfinu núna þyrfti að setja gangbraut yfir Öldutún báðum megin við Selvogsgötuna. Hins vegar mætti sleppa gangraut sunnan megin við gatnamótin ef bætt yrði úr atriði númer 3, sem snýr að gangstétt meðfram Öldutúni.



Mynd 3 - Gatnamót Öldutúns og Selvogsgötu, horft inn í Öldutún í átt að skóla

3 – Öldutún, gangstétt vantar

Á hverjum morgni má sjá fjölda barna ganga að skólanum austan megin Öldutúns. Þar eru bílastæði fyrir Öldutún 1-7, lóðarmörk sömu húsa og bílastæði starfsmanna Öldutúnsskóla. Á þessu svæði geta myndast talsverð þrengsli í morgunumferðinni, sérstaklega í snjónum á veturna og vegna umferðar í kringum bílastæðin. Þarna myndast þarna oft varhugaverðar aðstæður enda er ekki gert ráð fyrir gangandi vegfarendum við þessa hlið götunnar.

Annað hvort þyrfti að byggja þarna upp gangstétt með vel skilgreindum svæðum fyrir gegnumakstur og góðri lýsingu eða að reyna að koma í veg fyrir að börn stytti sér leið þarna í gegn með því að gera aðrar leiðir greiðfærari.



Mynd 4 - Horft inn Öldutún í átt að skóla

4 – Öldutún, merkingu vantar og lýsingu ábótavant

Ágætis gangbraut er yfir Öldutún til móts við B-álmu Öldutúnsskóla. Þarna vantar samt sebramerkingu á gangbrautina sem myndi gera gangbrautina betur sjáanlega fyrir ökumenn. Einnig þarf að bæta lýsingu þarna sem og við aðra staði þar sem umferð gangandi fólks þverar akbrautir.



Mynd 5 - Gangbraut yfir Öldutún

5 – Melholt við Öldutún – Gangbraut vantar

Eins og sjá má í skýrslu Eflu frá janúar 2018 þá liggur gangbraut frá Kvíholti, meðfram bílastæði og að gatnamótum Melholts og Öldutúns og að þar vanti gangbraut. Þessa gangbraut vantar ennþá og gangstígurinn beinir því fólki beint út á gatnamót.



Mynd 6 - Horft til suð-vesturs frá Öldutúni yfir gatnamót Melholts

6 – Víðihvammur við austurhorn skólalóðar

Fyrri myndin hér að neðan er tekin af gangstíg sem liggur frá göngum undir Hvammabraut. Gangstígurinn liggur alveg að götunni og kantsteinninn er þar lækkaður og því gert ráð fyrir að þarna sé gengið yfir götuna. Engin gangbraut er hins vegar merkt, hvorki með skiltum né sebramerkingu.



Mynd 7 - Frá göngum að Öldutúnsskóla

Á seinni myndinni má sjá vel merкта gangbraut sem er staðsett neðar í Víðihvammi til móts við inngang í skólann. Gallinn við þessa gangbraut er að hún liggur aðeins að bílastæði starfsmanna og þjónar því ekki þeim sem koma gangandi eða hjólandi til skóla.



Mynd 8 - Gangbraut ekki í tengslum við gangstígakerfi

7 – Víðihvammur við Öldugötu

Ofar í Víðihvammi, nær Öldugötu, liggur gangstétt að götunni og kantsteinn er þar tekinn niður. Þarna vantar gangbrautarmerkingar, bæði skilti og sebramerkingu á götu.



Mynd 9 - Horft til suðurs yfir Víðihvamm



Mynd 10 - Inn Víðihvamm í átt að Öldutúnsskóla

8 – Hringtorg við enda Hvammabrautar og Öldugötu

Við enda Öldugötu, Hvammabrautsmegin, liggur gangstétt að hraðahindrun. Þarna skortir gangbrautarmerkingar, bæði skilti og sebramerkingar.



Mynd 11 - Horft til norð-austurs í átt að Kinnum



Mynd 12 - Frá Kinnum í átt að Öldutúnsskóla

Samantekt

Óskað er eftir því að gerðar verði úrbætur á þeim atriðum sem talin hafa verið upp hér að ofan. Í ljósi þess hversu ónákvæmur kafli Umferðaröryggisáætlunar Hafnafjarðar um Öldutúnsskóla virðist vera þá er það skoðunar vert að skýrslan verði rýnd og öryggisúttekt framkvæmd aftur.

Það er einnig umhugsunarvert að hámarkshraði umferðar í kringum skólann sé 30km/klst. og að mati undirritaðs ætti að skoða möguleikann á að lækka hraðann til að lágmarka slyshættu og minnka áhrif bílaumferðar á hverfið.

Með kveðju,

Björn Sighvatsson

Fagrakinn 15

S: 853 8572

bjossis@gmail.com